

# Íslenski lífeyrissjóðurinn

Ársreikningur 2000

Íslenski lífeyrissjóðurinn  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík

kt. 430990-2179

# Íslenski lífeyrissjóðurinn

Ársreikningur 2000

## Efnisyfirlit

Áritun endurskoðenda .....	2
Ársskýrsla stjórnar .....	3
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2000.....	4
Efnahagsreikningur .....	5
Sjóðstreymi .....	6
Skýringar .....	7-13
Sérgreint yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2000 .....	14
Sérgreindur efnahagsreikningur .....	15

# Áritun endurskoðenda

---

Til stjórnar og sjóðfélaga í Íslenska lífeyrissjóðnum.

Við höfum endurskoðað ársreikning Íslenska lífeyrissjóðsins fyrir árið 2000. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju en samkvæmt henni skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg víska fái um að ársreikningurinn sé í meginatriðum annmarkalaus. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af efnahag Íslenska lífeyrissjóðsins í árslok 2000 og breytingum á fjárhagslegri skipan hans á því ári, í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir sjóðsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 3. apríl 2001

## **Deloitte & Touche hf.**

Árni Tómasson  
endurskoðandi

Sigrún Ragna Ólafsdóttir  
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

Íslenski lífeyrissjóðurinn var stofnaður í júní 1990 og staðfesti fjármálaráðuneytið samþykktir sjóðsins þann 20. júní sama ár. Tilgangur sjóðsins samkvæmt 2. gr. samþykktar er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja þeim og erfingjum þeirra lífeyri.

Á sjóðfélagafundi 30. júní 1998 var samþykkt að breyta Íslenska lífeyrissjóðnum í alhliða lífeyrissjóð samkvæmt ákvæðum laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Fjármálaráðuneytið veitti sjóðnum síðan leyfi til starfrækslu lífeyrissjóðs 20. október 1999.

Starfsemin á árinu fólst í að taka við iðgjöldum sjóðfélaga og ávaxta þau í samræmi við samþykktir og tilgang sjóðsins. Ávöxtun á árinu 2000 var ekki í samræmi við væntingar og má rekja það til erfiðra aðstæðna á fjármálamarkaði. Hér fer á eftir nafnávöxtun, byggð á breytingum á birtu gengi sjóðanna.

	<u>2000</u>	<u>1999</u>	<u>24 mán</u>
Líf I.....	-2,0%	20,6%	8,6%
Líf II.....	-0,9%	16,3%	7,2%
Líf III.....	3,5%	10,2%	6,7%

Virkir sjóðfélagar í árslok 2000 voru 4.954 talsins, en voru 3.903 í ársbyrjun.

Á árinu 2000 starfaði enginn starfsmaður hjá sjóðnum en samkvæmt rekstrarsamningi milli sjóðsins og Landsbréfa hf. fá Landsbréf hf. þóknun fyrir umsjón og starfrækslu sjóðsins. Þóknunin má að hámarki vera 0,8% af eign sjóðsins í árslok. Á árinu 2000 er þessi kostnaður 0,65% af eign sjóðsins í árslok.

Stjórn og forstöðumaður Íslenska lífeyrissjóðsins fyrir hönd framkvæmdastjórnar staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2000 með undirritun sinni.

Reykjavík 3. apríl 2001

## Í stjórn

Björn Líndal

Ingólfur Guðmundsson

Friðþjófur Johnson

Stefán H. Stefánsson

Jón Snorri Snorrason

## Forstöðumaður

Ásta Þórhallsdóttir

# Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2000

	Skýr.	2000	1999
<b>Iðgjöld</b>			
Iðgjöld sjóðfélaga .....		300.424.449	210.953.588
Iðgjöld launagreiðenda .....		526.835.388	445.692.220
Réttindaflutningur og endurgreiðslur .....		(43.974.790)	(27.718.063)
		<u>783.285.047</u>	<u>628.927.745</u>
<b>Lífeyrir</b>			
Lífeyrir .....	3	<u>59.757.555</u>	<u>40.304.371</u>
		<u>59.757.555</u>	<u>40.304.371</u>
<b>Fjárfestingartekjur</b>			
Tekjur af eignarhlutum .....		3.507.142	3.223.783
Vaxtatekjur og gengismunur .....		(4.464.040)	420.663.238
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga .....		(148.684.061)	(152.909.336)
		<u>(149.640.959)</u>	<u>270.977.685</u>
<b>Fjárfestingargjöld</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		1.730.406	1.054.401
Önnur fjárfestingargjöld .....		18.244.778	1.630.261
		<u>19.975.184</u>	<u>2.684.662</u>
<b>Rekstrarkostnaður</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		865.203	527.200
Annar rekstrarkostnaður .....		668.128	891.206
		<u>1.533.331</u>	<u>1.418.406</u>
Hækkun á hreinni eign fyrir matsbreytingar .....		552.378.019	855.497.991
<b>Matsbreytingar</b> .....		<u>148.684.061</u>	<u>152.909.336</u>
<b>Hækkun á hreinni eign á árinu</b> .....		701.062.080	1.008.407.327
<b>Hrein eign frá fyrra ári</b> .....		<u>3.322.550.510</u>	<u>2.314.143.183</u>
<b>Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris</b> .....		<u>4.023.612.590</u>	<u>3.322.550.510</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2000

	Skýr.	31.12.2000	31.12.1999
<b>Eignir</b>			
<b>Fjárfestingar</b>			
Verðbréf með breytilegum tekjum .....	2,4-7	2.916.805.652	2.332.633.075
Verðbréf með föstum tekjum .....	2,8	1.121.650.248	1.146.740.921
		<u>4.038.455.900</u>	<u>3.479.373.996</u>
<b>Kröfur</b>			
Aðrar kröfur .....		555.958	644.906
		<u>555.958</u>	<u>644.906</u>
<b>Aðrar eignir</b>			
Sjóður og veltiinnlán .....		12.999.649	2.752.969
		<u>12.999.649</u>	<u>2.752.969</u>
	<b>Eignir</b>	<u>4.052.011.507</u>	<u>3.482.771.871</u>
<b>Skuldir</b>			
<b>Viðskiptaskuldir</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....		0	138.322.220
Aðrar skuldir .....		28.398.916	21.899.141
		<u>28.398.916</u>	<u>160.221.361</u>
	<b>Skuldir</b>	<u>28.398.916</u>	<u>160.221.361</u>
	<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris alls</b>	<u>4.023.612.590</u>	<u>3.322.550.510</u>
<b>Greining á hreinni eign á deildir</b>			
Líf I .....		1.363.425.046	1.170.271.431
Líf II .....		1.864.343.437	1.473.958.493
Líf III .....		668.489.774	668.430.940
Sameign .....		127.354.333	9.889.646
		<u>4.023.612.590</u>	<u>3.322.550.510</u>

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2000

	2000	1999
<b>Inngreiðslur</b>		
Iðgjöld .....	783.285.047	628.927.745
Fjárfestingartekjur .....	1.012.913	5.538.599
Afborganir verðbréfa .....	97.778.928	2.308.840.761
Seld verðbréf með breytilegum tekjum .....	603.536.375	691.369.014
Seld verðbréf með föstum tekjum .....	1.851.830.742	921.635.855
Hækkun á skuldum .....	0	193.493.929
Lækkun á kröfum .....	88.948	0
<b>Inngreiðslur</b>	<b>3.337.532.953</b>	<b>4.749.805.903</b>
<b>Útgreiðslur</b>		
Lífeyrir .....	59.757.555	40.304.371
Fjárfestingargjöld .....	19.975.184	2.684.662
Rekstrarkostnaður án afskrifta .....	1.533.331	1.418.406
Lækkun á skuldum .....	131.822.445	0
Hækkun á kröfum .....	0	36.453.089
<b>Útgreiðslur</b>	<b>213.088.514</b>	<b>80.860.528</b>
<b>Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu .....</b>	<b>3.124.444.439</b>	<b>4.668.945.375</b>
<b>Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting</b>		
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum .....	596.662.704	1.654.490.428
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum .....	2.517.535.055	3.089.731.347
<b>Ráðstöfun alls</b>	<b>3.114.197.759</b>	<b>4.744.221.775</b>
<b>Hækkun (lækkun) á sjóði og veltiinnlánnum .....</b>	<b>10.246.680</b>	<b>(75.276.400)</b>
<b>Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun .....</b>	<b>2.752.969</b>	<b>78.029.369</b>
<b>Sjóður og veltiinnlán í árslok .....</b>	<b>12.999.649</b>	<b>2.752.969</b>

# Skýringar

---

## Starfsemi

1. Íslenski lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Íslenski lífeyrissjóðurinn er aldurstengdur sjóður og býður sjóðfélögum sínum upp á þrjár brautir, Líf I - III, með mismunandi ávöxtunarmöguleikum. Einnig býður sjóðurinn upp á fjórar útgreiðsluleiðir og liggur munur útgreiðsluleiðanna í því hvernig iðgjald skiptist á milli sameignar og séreignar.

### Líf I:

Líf I stefnir að góðri langtímaávöxtun en sveiflur í ávöxtun geta orðið nokkrar yfir skemmra tímabil. Fjárfestingarstefnan mótast af því að leyfilegt er að nýta fjölbreytt tækifæri sem bjóðast á mörkuðum. Stefnt er að því að fjárfesta 45% af eignum í innlendum skuldabréfum, 25% í innlendum hlutabréfum og 30% í erlendum verðbréfum. Deildin hentar þeim sem eiga eftir 20 ár eða meira af söfnunartíma sínum.

### Líf II:

Líf II er ætluð þeim sem kjósa að taka hóflega áhættu með lífeyrissparnað sinn og ná þannig betri ávöxtun til lengri tíma. Stefnt er að því að fjárfesta 60% af eignum í innlendum skuldabréfum, 20% í innlendum hlutabréfum og 20% í erlendum verðbréfum. Deildin hentar þeim sem eiga amk. eftir 8-10 ár af söfnunartíma sínum.

### Líf III:

Líf III er áhættuminnsta deildin og eru sveiflur í ávöxtun þar litlar. Stefnt er að því að fjárfesta 80% af eignum í innlendum skuldabréfum, 10% í innlendum hlutabréfum og 10% í erlendum verðbréfum. Deildin hentar þeim sem eiga fá ár eftir af söfnunartíma sínum eða eru komnir á eftirlaun.

### Útgreiðsluleiðir:

Íslenski lífeyrissjóðurinn býður sjóðfélögum sínum upp á fjórar mismunandi útgreiðsluleiðir. Munur leiðanna liggur í því hvernig lögbundið iðgjald sjóðfélaga skiptist á milli sameignar, bundinnar séreignar og frjálsrar séreignar. Allt iðgjald umfram lögbundið lágmarksiðgjald fer í séreign. Frjáls séreign er laus til útborgunar frá 60 ára aldri og greiðist með jöfnum greiðslum á eigi skemmri tíma en 7 árum. Eftir 67 ára aldur er hún laus til útborgunar samkvæmt ákvörðun sjóðfélaga. Bundin séreign er laus til útborgunar frá 70 ára aldri og greiðist með jöfnum greiðslum til þess tíma er greiðslur úr sameign hefjast. Val útgreiðsluleiðar ræður því hvenær greiðslur úr sameign hefjast. Frjáls séreign og bundin séreign er að fullu eign sjóðfélagsins og erfist samkvæmt erfðalögum. Greiðsla lífeyris úr sameign hefst við 70 ára aldur, eða síðar eftir því hvaða útgreiðsluleið er valin, og greiðist til æviloka. Sameignin tryggir sjóðfélögum ævilífeyri, örorkulífeyri, makalífeyri og barnalífeyri samkvæmt samþykktum sjóðsins.

## Reikningsskilaaðferðir

2. Ársreikningurinn er í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og góða reikningsskilavenju. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári.



# Skýringar

Áhrif verðlagsbreytinga á rekstur og fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins eru reiknuð og færð í ársreikninginn miðað við hækkun vísitölu neysluverðs á árinu sem var 4,18%. Áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir mynda reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga að fjárhæð kr. 148.684.061. Hin reiknuðu áhrif verðlagsbreytinga eru færð á matsbreytingar í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

Verðbréfaeign sjóðsins skiptist í verðbréf með breytilegum tekjum og verðbréf með föstum tekjum. Skilgreiningar á framangreindri flokkun ásamt matsaðferðum sem beitt er við hvern lið fjárfestinga eru eftirfarandi:

Verðbréf með breytilegum tekjum eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf, hlutdeildarskírteini og önnur slík verðbréf með breytilegum tekjum eða verðbréf sem háð eru afkomu útgefanda. Þau verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins. Óskráð bréf eru metin á framreiknuðu kaupverði eða áætluðu markaðsverði hvort sem lægra er.

Verðbréf með föstum tekjum eru framseljanleg skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum sem gefin eru út af lánastofnunum, opinberum aðilum eða öðrum félögum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Skuldabréf sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði eru færð á gildandi markaðsverði í árslok. Mat á öðrum skuldabréfum tekur mið af gildandi ávöxtunarkröfu á kaupdegi að frádreginni hæfilegri niðurfærslu. Verði breyting á markaðsvöxtum, sem talin er varanleg og auk þess talin hafa mikil áhrif, er upphaflegri ávöxtunarkröfu breytt til samræmis.

Vegna þeirrar áhættu sem tengd er verðbréfaeign eru verðbréf færð niður um 7,3 milljónir króna. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreikningur sem færður er til frádráttar verðbréfaeign í efnahagsreikningi. Eingöngu er um almenna niðurfærslu að ræða samkvæmt vinnureglu umsýsluaðila, þar sem samsetning skuldabréfaeignar gefur ekki tilefni til sérstakrar niðurfærslu. Almenna niðurfærslan hefur verið hækkuð um 1,6 milljónir króna frá fyrra ári vegna hækkunar á verðbréfaeign.

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir.

## Lífeyrir

### 3. Lífeyrir greinist þannig:

	Líf I	Líf II	Líf III	Samtals 2000	Samtals 1999
Ellilífeyrir .....	3.000.000	4.577.176	51.257.770	58.834.946	39.592.797
Örorkulífeyrir .....	237.021	417.713	0	654.734	525.980
Makalífeyrir .....	0	267.874	0	267.874	88.715
Barnalífeyrir .....	0	0	0	0	96.879
	<u>3.237.021</u>	<u>5.262.763</u>	<u>51.257.770</u>	<u>59.757.555</u>	<u>40.304.371</u>

# Skýringar

## Verðbréf með breytilegum tekjum

### 4. Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

Eignarhlutar í innlendum hlutafélögum .....	327.522.543
Eignarhlutar í erlendum hlutafélögum .....	18.268.860
Hlutdeildarskírteini í innlendum verðbréfasjóðum .....	1.831.269.057
Hlutdeildarskírteini í erlendum verðbréfasjóðum .....	739.745.192
	<u>2.916.805.652</u>

### 5. Eignarhlutar í innlendum félögum greinast þannig:

	<u>Hlutdeild</u>	<u>Nafnverð</u>	<u>Bókfært verð</u>
Skráð félög:			
Íslandsbanki FBA hf. ....	0,13%	12.519.923	51.957.681
Samherji hf. ....	0,05%	776.531	6.949.952
Útgerðarfélag Akureyringa hf. ....	0,06%	605.441	3.390.469
Grandi hf. ....	0,15%	2.173.459	9.780.566
Þormóður Rammi - Sæberg hf. ....	0,12%	1.551.615	4.965.168
Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hf. ....	0,58%	8.670.000	31.645.500
Olís hf. ....	0,06%	395.756	3.363.926
Jarðboranir hf. ....	0,22%	561.000	4.123.350
SÍF hf. ....	0,33%	4.844.550	13.322.513
Haraldur Böðvarsson hf. ....	0,06%	621.719	2.051.673
Oliufélagið hf. ....	0,02%	154.156	1.711.132
Opin kerfi hf. ....	0,68%	1.428.188	61.412.084
Hampiðjan hf. ....	1,43%	6.949.230	36.135.995
Tæknival hf. ....	0,07%	100.823	1.159.465
Guðmundur Runólfsson hf. ....	0,57%	788.032	3.152.128
Íslenskir aðalverktakar hf. ....	0,87%	12.230.000	43.416.500
Landsbanki Íslands hf. ....	0,02%	1.604.994	5.537.230
Nýherji hf. ....	0,60%	1.593.781	22.312.934
Önnur innlend félög, undir einni milljón í hverju félagi.....			3.112.175
			<u>309.500.441</u>
Óskráð félög:			
Íslandssími hf. ....		956.555	10.522.105
X-18 hf. ....		307.692	2.999.997
Samskip hf. ....		1.000.000	4.500.000
			<u>18.022.102</u>
Eignarhlutar í innlendum félögum alls.....			<u>327.522.543</u>

Eignarhlutar sjóðsins í óskráðum félögum eru metnir á því sem lægra er, framreiknað kaupverð eða áætlað markaðsverð

# Skýringar

## 6. Eignarhlutar í erlendum félögum greinast þannig:

	<u>Hlutdeild</u>	<u>Hlutir</u>	<u>Bókfært verð</u>
Decode .....	Óveruleg	8.035	7.136.647
Netverk Ltd.....	Óveruleg	16.000	8.120.640
OZ interactive Inc.....	Óveruleg	35.602	3.011.573
Eignarhlutar í erlendum félögum alls .....			<u>18.268.860</u>
Hlutabréfaeign alls .....			<u>345.791.403</u>

Erlend óskráð hlutabréf í Netverk Ltd. og OZ interactive Inc. eru metin á áætluðu markaðsverði.

## 7. Hlutdeildarskírteini greinast þannig:

Innlendir verðbréfasjóðir:

Innlendir verðbréfasjóðir með skuldabréfum .....	1.553.230.082
Innlendir verðbréfasjóðir með hlutabréfum .....	<u>278.038.975</u>
Hlutdeildarskírteini í innlendum verðbréfasjóðum alls.....	<u>1.831.269.057</u>

Erlendir verðbréfasjóðir:

Hlutdeildarskírteini í erlendum verðbréfasjóðum alls.....	<u>739.745.192</u>
Hlutdeildarskírteini alls .....	<u>2.571.014.249</u>

Inneignir í innlendum verðbréfasjóðum eru allar í Landssjóði hf., sem rekinn er af Landsbréfum hf. dótturfyrirtæki Landsbanka Íslands hf. Greinist innistæðan í mismunandi deildir sjóðsins en þær eru hver um sig með sjálfstæðan fjárhag og hafa mismunandi fjárfestingastefnu. Helstu innstæður eru í Markaðsbréfum nr. 1 og 4, Peningabréfum og Úrvalsbréfum.

Inneignir í erlendum verðbréfasjóðum greinast á allt að 18 sjóði sem allir eru reknir af viðurkenndum fjármálastofnunum. Helstu innstæður eru í Fortuna og Alliance verðbréfasjóðunum.

# Skýringar

## Verðbréf með föstum tekjum

8. Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

Skuldabréf með ríkisábyrgð:

Húsbréf .....	452.945.977
Ríkisbréf .....	98.007.696
Spariskírteini ríkissjóðs .....	160.170.795
Önnur skuldabréf með ríkisábyrgð .....	85.367.872
	<u>796.492.340</u>
Skuldabréf sveitarfélaga .....	28.853.003
Skuldabréf lánastofnana .....	210.229.015
Skuldabréf eignarleigufyrirtækja .....	5.021.358
Skuldabréf fyrirtækja .....	88.363.326
	<u>1.128.959.042</u>
Samtals án niðurfærslu.....	-7.308.794
Niðurfærsla verðbréfa.....	<u>1.121.650.248</u>
Verðbréf með föstum tekjum alls .....	<u>1.121.650.248</u>

## Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

9. Fjárfestingar skiptast þannig eftir gjaldmiðlum:

	Í íslenskum krónum	Í erlendum gjaldmiðlum	Samtals
Verðbréf með breytilegum tekjum .....	2.158.791.600	758.014.052	2.916.805.652
Verðbréf með föstum tekjum .....	1.121.650.248	0	1.121.650.248
	<u>3.280.441.848</u>	<u>758.014.052</u>	<u>4.038.455.900</u>
Hlutfallsleg skipting .....	81%	19%	100%

Skipting fjárfestinga eftir erlendum gjaldmiðlum:

	Verðbréf m/ breytil. tekjum	Verðbréf m/ föstum tekjum	Hlutfall
Í GBP.....	1.338.140	0	0,2%
Í USD .....	359.537.223	0	47,4%
Í Evrum.....	334.740.714	0	44,2%
Bundið gengisvísitölum.....	62.397.975	0	8,2%
	<u>758.014.052</u>	<u>0</u>	<u>100,0%</u>

## Markaðsverð fjárfestinga sjóðsins

10. Af heildarverðbréfaeign eru markaðsverðbréf að fjárhæð kr. 3.888 millj. og óskráð verðbréf að fjárhæð kr. 150 millj.

# Skýringar

## Lífeyrisskuldbindingar

### 11. Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum sjóðsins:

Samkvæmt niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar á stöðu lífeyrissjóðsins í árslok 2000 miðað við 3,5% ársvexti þá á sjóðurinn 32,9 milljónir króna umfram áfallnar skuldbindingar eða 36,4% í og 112,1 milljónir króna umfram heildarskuldbindingar eða 6,6%.

	Áfallin skuldbinding m.kr.	Framtíðar- skuldbinding m.kr.	Heildar- skuldbinding m.kr.
<b>Eignir</b>			
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....	127,4		127,4
Núvirði verðbréfa, hækkun.....	,0		0,0
Lækkun vegna fjárfestingargjalda.....	(4,0)		(4,0)
Núvirði framtíðariðgjalda.....		1.697,5	1.697,5
	<u>123,4</u>	<u>1.697,5</u>	<u>1.820,9</u>
<b>Skuldbindingar</b>			
Ellilífeyrir .....	37,4	529,0	566,4
Örorkulífeyrir.....	40,3	806,4	846,7
Makalífeyrir.....	11,7	182,4	194,1
Barnalífeyrir.....	,0	59,3	59,3
Rekstrarkostnaður .....	1,1	41,2	42,3
	<u>90,5</u>	<u>1.618,3</u>	<u>1.708,8</u>
Eignir umfram skuldbindingar .....	32,9	79,2	112,1
Í hlutfalli af skuldbindingum .....	36,4%	4,9%	6,6%

# Skýringar

## Kennitölur

12. Fimm ára yfirlit um kennitölur sjóðsins samkvæmt reglum um ársreikninga lífeyrissjóða

	2000	1999	1998	1997	1996
Hrein raunávöxtun.....	(4,60%)	9,93%	8,96%	4,86%	6,33%
Meðaltal hreinnar raun- ávöxtunar sl. 5 ár .....	4,96%	6,99%	6,22%	5,58%	
Hlutfallsleg skipting annarra fjárfestinga:					
Skráð verðbr. m. brl. tekjum	71,50%	66,66%			
Skráð verðbr. m. föstum tekjum	24,78%	32,96%			
Óskráð verðbr. m. brl. tekjum	0,72%	0,38%			
Óskráð verðbr. m. föstum tekjum	3,00%	0,00%			
Hlutfallsleg skipting annarra fjárfestinga eftir gjaldmiðlum:					
Eignir í íslenskum krónum .....	81,23%	81,26%			
Eignir í erl. gjaldmiðlum .....	18,77%	18,74%			
Fjöldi sjóðfélaga.....	4.365	2.642	1.495	877	757
Fjöldi lífeyrisþega.....	44	40	29	14	10
Hlutfallsleg skipting lífeyris:					
Eftirlaun .....	98,23%	98,23%	99,57%	99,38%	97,45%
Örorkulífeyrir .....	1,31%	0,22%	0,08%	0,00%	0,00%
Makalífeyrir .....	0,22%	0,24%	0,00%	0,00%	0,00%
Barnalífeyrir .....	0,00%	1,31%	0,34%	0,62%	2,55%
Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt:					
Hrein eign umfram					
heildarskuldbindingar .....	6,6%				
Hrein eign umfram					
áfallnar skuldbindingar .....	36,4%				

## Deildarskipt yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2000

	Líf I	Líf II	Líf III	Sameign	Samtals
<b>Iðgjöld</b>					
Iðgjöld sjóðfélaga .....	96.721.120	139.383.837	17.871.029	46.448.463	300.424.449
Iðgjöld launagreiðenda .....	147.609.613	279.064.610	31.234.443	68.926.721	526.835.388
Réttindaflutningur og endurgreiðslur .....	(15.792.510)	(7.603.395)	(20.578.885)	0	(43.974.790)
	<u>228.538.224</u>	<u>410.845.052</u>	<u>28.526.586</u>	<u>115.375.184</u>	<u>783.285.047</u>
<b>Lífeyrir</b>					
Lífeyrir .....	3.237.021	5.262.763	51.257.770	0	59.757.555
	<u>3.237.021</u>	<u>5.262.763</u>	<u>51.257.770</u>	<u>0</u>	<u>59.757.555</u>
<b>Fjárfestingartekjur</b>					
Tekjur af eignarhlutum .....	1.583.808	1.785.800	137.534	0	3.507.142
Vaxtatekjur og gengismunur .....	(19.065.957)	(10.953.275)	23.421.610	2.133.581	(4.464.040)
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga .....	(51.281.230)	(67.566.195)	(27.058.860)	(2.777.776)	(148.684.061)
	<u>(68.763.380)</u>	<u>(76.733.670)</u>	<u>(3.499.715)</u>	<u>(644.194)</u>	<u>(149.640.959)</u>
<b>Fjárfestingargjöld</b>					
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	610.445	787.796	302.920	29.245	1.730.406
Önnur fjárfestingargjöld .....	13.515.053	4.548.906	180.819	0	18.244.778
	<u>14.125.498</u>	<u>5.336.701</u>	<u>483.739</u>	<u>29.245</u>	<u>19.975.184</u>
<b>Rekstrarkostnaður</b>					
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	305.222	393.898	151.460	14.623	865.203
Annar rekstrarkostnaður .....	234.718	299.271	133.928	211	668.128
	<u>539.940</u>	<u>693.169</u>	<u>285.388</u>	<u>14.834</u>	<u>1.533.331</u>
Hækkun á hreinni eign fyrir matsbr. ....	141.872.385	322.818.749	(27.000.026)	114.686.911	552.378.019
<b>Matsbreytingar</b> .....	<u>51.281.230</u>	<u>67.566.195</u>	<u>27.058.860</u>	<u>2.777.776</u>	<u>148.684.061</u>
<b>Hækkun á hreinni eign á árinu</b> .....	193.153.615	390.384.944	58.834	117.464.687	701.062.080
<b>Hrein eign frá fyrra ári</b> .....	<u>1.170.271.431</u>	<u>1.473.958.493</u>	<u>668.430.940</u>	<u>9.889.646</u>	<u>3.322.550.510</u>
<b>Hrein eign í árslok til gr. lífeyris</b> .....	<u>1.363.425.046</u>	<u>1.864.343.437</u>	<u>668.489.774</u>	<u>127.354.333</u>	<u>4.023.612.590</u>

## Deildarskiptur efnahagsreikningur 31. desember 2000

	Líf I	Líf II	Líf III	Sameign	Samtals
<b>Eignir</b>					
<b>Fjárfestingar</b>					
Verðbréf með breytilegum tekjum .....	1.024.365.936	1.312.382.619	465.702.521	114.354.576	2.916.805.652
Verðbréf með föstum tekjum .....	381.631.766	529.765.834	208.826.374	1.426.274	1.121.650.248
<b>Fjárfestingar</b>	<u>1.405.997.702</u>	<u>1.842.148.453</u>	<u>674.528.895</u>	<u>115.780.850</u>	<u>4.038.455.900</u>
<b>Kröfur</b>					
Kröfur á samst.- og hlutd.félög .....	(40.563.903)	31.490.129	(1.103.805)	10.196.781	0
Aðrar kröfur .....	238.132	105.503	193.120	0	555.958
<b>Kröfur</b>	<u>(40.325.771)</u>	<u>31.595.632</u>	<u>(910.684)</u>	<u>10.196.781</u>	<u>555.958</u>
<b>Aðrar eignir</b>					
Sjóður og veltiinnlán .....	6.926.576	3.667.399	587.378	1.818.296	12.999.649
<b>Aðrar eignir</b>	<u>6.926.576</u>	<u>3.667.399</u>	<u>587.378</u>	<u>1.818.296</u>	<u>12.999.649</u>
<b>Eignir</b>	<u>1.372.598.507</u>	<u>1.877.411.484</u>	<u>674.205.589</u>	<u>127.795.927</u>	<u>4.052.011.507</u>
<b>Skuldir</b>					
<b>Viðskiptaskuldir</b>					
Aðrar skuldir .....	9.173.461	13.068.047	5.715.815	441.594	28.398.916
	<u>9.173.461</u>	<u>13.068.047</u>	<u>5.715.815</u>	<u>441.594</u>	<u>28.398.916</u>
<b>Skuldir</b>	<u>9.173.461</u>	<u>13.068.047</u>	<u>5.715.815</u>	<u>441.594</u>	<u>28.398.916</u>
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris alls</b>	<u>1.363.425.046</u>	<u>1.864.343.437</u>	<u>668.489.774</u>	<u>127.354.333</u>	<u>4.023.612.590</u>